



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 417. fund velferðarráðs 8. desember 2021
VEL2021120001
RÁ/kg

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir*

Lagt er til að velferðarráð samþykki að skipa stýrihóp til að endurskoða aðgerðaráætlun með stefnu í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir. Kostnaður rúmast innan ramma velferðarsviðs.

Greinargerð:

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 11. október 2019. Með stefnunni, sem gildir til ársloka 2025, var samþykkt aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Nú þegar rúm tvö ár eru liðin frá samþykkt stefnunnar er talin þörf á að endurskoða aðgerðirnar. Að baki þeirri ákvörðun liggja niðurstöður stöðumats aðgerðaráætlunar frá desember 2021 og niðurstöður úttektar á fjölda og stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir í október 2021

Markmið stýrihópsins er að endurskoða þá aðgerðaáætlun sem lögð var fram með stefnunni og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsroðun þeirra og kostnaðarmati.

Fylgiskjal:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir.